

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskólans á Hellu endurskoðuð í janúar 2019

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskólans á Hellu byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008; Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008; Aðalnámskrá grunnskóla (2011) og skólanámskrá Grunnskólans á Hellu (2018 - 2019).

Jafnréttisáætlun þessi nær til 121 nemanda þ.e. 64 stúlkna og 57 drengja. Af þessum nemendafjölda alast alls 38 nemendur upp við annað móður/föðurmál (sjá nánar í fylgiskjali yfir tölulegar upplýsingar). Við skólann starfa 39 einstaklingar þ.e. 23 fastráðnir kennarar 17 konur og 3 karlar og stjórnendur 1 kona og 2 karlar (sjá nánar í fylgiskjali yfir tölulegar upplýsingar).

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskólans á Hellu nær til nemenda og starfsmanna skólans. Einkunnarorð skólans eru höfð að leiðarljósi við gerð áætlunarinnar, en þau eru virðing, vinátta og víðsýni. Litið er þannig á að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf. Starfið byggir á lýðræðislegum gildum og eru mannréttindi og jafnræði höfð að leiðarljósi. Náms, kennsla og starfshættir eru í samræmi við það.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er tekið fram að við skipulag náms og kennslu sé þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og hafi kost á að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir skólans byggjast á þessum lögum. Lögð er rík áhersla á að komið sé í veg fyrir hverskonar mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, tungumáls, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sinni sbr. 18. grein. Þar segir m.a. að tilgreina þurfi hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. grein.

Einnig ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. og 23. greinar laganna en þar segir m.a.:

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar eða

skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Starfsfólk skal þekkja einkenni kynbundins ofbeldis, kynbundinnar áreitni og kynferðislegrar áreitni og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað innan skólans komi slíkt upp.

23. gr. Menntun og skólastarf.

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.
- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í fræðslu um nám og störf og ráðgjöf þar um skulu allir nemendur hljóta sömu fræðslu í tengslum við sömu störf.

Í almennum hluta Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er fjallað um markmið jafnréttismenntunar. Þar segir að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis (bls. 21).

Einn af grunnþáttum menntunar er helgaður jafnrétti og annar lýðræði og mannréttindum. Grunnþættirnir eiga að undirstrika meginatriði í almennri menntun og ná til allra þátta skólastarfsins.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsmanna byggji á hæfileikum og færni hvers og eins. Aðilar skólasamfélagsins bera sameiginlega ábyrgð á að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Þeir hafa jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku. Gæta skal kynjasambættingar í stefnumótunar- og áætlanagerð skólans.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskólans á Hellu er hluti skólanámskrár. Áhrif hennar og staða jafnréttismála eru metin reglulega, í viðhorfskönnunum meðal nemenda, forráðamanna og starfsmanna og í starfsmannasamtölum. Niðurstöður eru metnar og umbætur gerðar ef þörf krefur. Áætlunin er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans www.grhella.is

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskólans á Hellu tekur til allra þátta skólastarfsins.

Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður fullorðins fólks og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist áætlunin í tvo hluta, fyrir nemendur og starfsmenn. Áætlunin er viljayfirlýsing. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á henni en hann getur falið starfsmönnum að endurskoða hana og fylgja henni eftir. Árlega þarf að fara í gegnum áætlunina, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram. Áætlunin er endurskoðuð í heild sinni á þriggja ára tímabili en árlega er unnin aðgerðaáætlun sem gildir fyrir skólaárið.

- Í allri kennslu skal leitast við að beita fjölbreyttum kennsluháttum sem gagnast öllum. Á þann hátt er komið til móts við mismunandi þroska og getu hvers og eins.
- Markvisst skal unnið gegn hvers kyns staðalímyndum um leið og jafnréttis er gætt í allri starfsemi skólans.
- Nemendur eru hvattir til að sýna hver öðrum gagnkvæma virðingu og fordómaleysi.
- Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans þ.m.t. íþróttá- og tómstundastarfs skal vera jöfn óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarskoðunum eða uppruna.
- Innan skólans skal tryggja nemendum jafnt aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur þeirra. Hið sama á við um tækifæri til náms- og framtíðarstarfa (sjá kafla í skólanámskrá um starfskynningu).
- Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sem birst getur í mörgum myndum er ekki liðin í Grunnskólanum á Hellu. Hér er átt við hvers konar orðfæri og samskipti sem eru niðurlægjandi.
- Einelti er ekki liðið í Grunnskólanum á Hellu, sjá eineltisáætlun skólans.

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir Jafnréttisáætlun Rangárbings ytra.

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að Jafnréttisáætlunni sé framfylgt.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Jafnréttisáætlun Rangárpings ytra. Þar séu einnig árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Í Grunnskólanum á Hellu er leitast við að ráða til starfa hæfasta starfsfólkið sem völ er á hverju sinni og sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til starfsins. Við ráðningar er tekið mið af Jafnréttisáætlun skólans og Jafnréttisáætlun Rangárpings ytra. Allir starfsmenn skólans eiga sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Jafnframt hafa þeir jöfn tækifæri til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuáætlunum. Launajafnrétti er fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samskipti á vinnustaðnum grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Allir starfsmenn eiga rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri og virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum.

- Leitast skal við að jafna eftir því sem kostur er hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan skólans. Kyn skal aldrei ráða launa- eða starfskjörum starfsmanna skólans.
- Gæta skal jafnréttis við ráðningar starfsmanna og tilfærslur í starfi. Starfsmenn skulu eiga sem jafnastan aðgang að því er talist geta hlunnindi og skulu möguleikar til tekjuöflunar vera jafnir.
- Allir starfsmenn skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun. Í endurmenntunaráætlun skólans er tekið tillit til þessa og þess gætt að bjóða námskeið sem hæfa öllum starfsmönnum.
- Kynferðisleg áreitni og einelti eru ekki liðin við Grunnskólann á Hellu í neinu formi. Stjórnendur verða að tryggja að starfsmenn verði ekki fyrir kynferðislegri áreitni né einelti m.a. með því að senda út skýr skilaboð um að slík hegðun sé ekki liðin og á henni verði tekið.

Áætlunin var samþykkt á starfsmannafundi þriðjudaginn 15. janúar 2019 og gildir til 15 janúar 2022.